



Ársreikningur Byggingastofnunar 2016

Ársreikningur Byggingastofnunar fyrir árið 2016, var staðfestur af stjórn stofnunarinnar 31. mars 2017.

Hagnaður ársins nam 157,1 milljónum króna. Eiginfjárlutfall í lok júní skv. eiginfjárákvæðum laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki var 22,74% en var 21,56% í lok árs 2015.

Um stofnunina gilda lög um Byggingastofnun nr. 106/1999 og reglugerð nr. 347/2000. Hlutverk Byggingastofnunar er að efla byggð og atvinnulíf með sérstakri áherslu á jöfnun tækifæra allra landsmanna til atvinnu og búsetu. Í samræmi við hlutverk sitt undirbýr, skipuleggur og fjármagnar stofnunin verkefni og veitir lán með það að markmiði að treysta byggð, efla atvinnu og stuðla að nýsköpun í atvinnulífi. Fjármögnun verkefna skal eftir föngum vera í samstarfi við aðra. Stofnunin skipuleggur og vinnur að atvinnuráðgjöf í samstarfi við atvinnuþróunarfélög, sveitarfélög og aðra haghafa. Byggingastofnun fylgist með þróun byggðar í landinu, m.a. með gagnasöfnun og rannsóknum. Stofnunin getur gert eða látið gera áætlanir um þróun byggðar og atvinnulífs í þeim tilgangi að treysta búsetu og atvinnu í byggðum landsins.

Helstu niðurstöður úr ársreikningi Byggingastofnunar 2016

- Hagnaður ársins nam 157 milljónum króna.
- Eiginfjárlutfall skv. lögum um fjármálafyrirtæki var 22,74% en skal að lágmarki vera 8%
- Hreinar vaxtatekjur voru 454,8 milljónir króna eða 53,4% af vaxtatekjum, samanborið við 454,8 milljónir króna (54,3% af vaxtatekjum) hreinar vaxtatekjur árið 2015.
- Laun og annar rekstrarkostnaður nam 428,2 milljónum króna samanborið við 392,6 milljónir árið 2015.
- Eignir námu 14.140 milljónum króna og hafa lækkað um 276,6 milljónir frá árslokum 2015. Þar af voru útlán og fullnustueignir 10.125 milljónir.
- Skuldir námu 11.233 milljónum króna og lækkuðu um 433,7 milljónir á árinu.

Um ársreikninginn

Hagnaður ársins nam 157,1 milljón króna. Skýrist hagnaður tímabilsins fyrst og fremst á lægri framlögum á afskriftarreikning útlána og matsbreytingu hlutabréfa.

Eiginfjárlutfall Byggingastofnunar var 22,74% í lok tímabilsins.

Horfur

Eiginfjárstaða stofnunarinnar er áfarm sterk og gefur henni færi á að vera öflugur bakhjarl fyrirtækja á landsbyggðinni.

Fjármálaeftirlitið hefur heimild, samkvæmt 1. og 2. mgr. 84. gr. d laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, til að kveða á um sveiflujöfnunarauka sem er 0-2,5% af áhættugrunni. Í 1. mgr. 84. gr. e, sömu laga er kveðið



á um 2,5% verndunarauka. Samkvæmt bréfi frá Fjármálaeftirlitinu, dagsettu 1. nóvember 2016, er kveðið á um 1% verndunarauka frá dagsetningu bréfsins. Verndunaraukinn hækkar í 1,75% þann 1. janúar 2017 og við bætist 1% sveiflujöfnunarauki 1. mars 2017. Samkvæmt yfirliti frá Fjármálaeftirlitinu verður samanlögð krafa um eiginfjárauka 3,75% þann 1. janúar 2018.

Eins og að ofan greinir er eiginfjárstaða Bygðastofnunar sterk og því mun hún geta uppfyllt þessa eiginfjárkröfu.

Nánari upplýsingar

Nánari upplýsingar veitir Aðalsteinn Þorsteinsson, forstjóri Bygðastofnunar í síma 455 5400 eða á netfanginu adalsteinn@byggdastofnun.is



Lykiltölur úr ársreikningi og samanburður við fyrri ár

	2016	2015	2014	2013	2012
	pús. kr.	pús. kr.	pús. kr.	pús. kr.	pús. kr.
Rekstrarreikningur					
Vaxtatekjur.....	805.887	837.787	813.793	998.367	1.239.328
Vaxtagjöld.....	375.330	382.996	414.371	561.002	645.570
<i>Hreinar vaxtatekjur.....</i>	<i>430.558</i>	<i>454.791</i>	<i>399.422</i>	<i>437.365</i>	<i>593.757</i>
Rekstrartekjur.....	509.380	385.120	448.940	559.846	193.296
<i>Hreinar rekstrartekjur.....</i>	<i>939.937</i>	<i>839.911</i>	<i>848.362</i>	<i>997.211</i>	<i>787.054</i>
Rekstrargjöld.....	782.821	741.021	499.145	808.294	939.827
Hagnaður (-tap) ársins.....	157.116	98.891	349.217	188.917	-152.773
Með rekstrargjöldum eru færð framlög í afskriftareikning útlána og matsbr. hlutafjár					
Framl. í afskriftarr. útlána og matsbr. hlutaf...	83.184	61.012	-117.243	50.960	444.940
Efnahagsreikningur	30.12.2016	31.12.2015	31.12.2014	31.12.2013	31.12.2012
Eignir					
Sjóður og kröfur á lánastofnanir.....	2.757.542	3.081.232	2.062.688	2.421.208	2.213.327
Útlán.....	10.125.127	10.307.529	10.821.632	11.570.492	13.421.549
Veltuhlutabréf.....	683.414	372.768	388.993		
Hlutir í hlutdeildarfélagum.....	499.258	574.736	513.402	809.599	763.001
Aðrar eignir.....	74.883	80.511	130.216	71.009	340.102
Eignir samtals.....	14.140.223	14.416.775	13.916.931	14.872.307	16.737.980
Skuldir og eigið fé					
Lántökur.....	11.003.741	11.495.402	11.161.775	12.458.421	14.549.688
Aðrar skuldir.....	228.820	170.826	103.500	111.448	74.769
Skuldir samtals.....	11.232.561	11.666.228	11.265.275	12.569.868	14.624.458
Eigið fé.....	2.907.663	2.750.547	2.651.656	2.302.439	2.113.522
Skuldir og eigið fé samtals.....	14.140.223	14.416.775	13.916.931	14.872.307	16.737.980
Veittar ábyrgðir utan efnahagsreiknings.....	0	0	18.807	22.552	216.398
Sjóðstreymi	2016	2015	2014	2013	2012
Handbært fé (-til) frá rekstri.....	241.768	207.394	556.712	787.953	638.877
Fjárfestingarhreyfingar.....	-738.880	373.684	569.609	324.400	617.252
Fjármögnunarhreyfingar.....	173.422	437.466	-1.484.841	-904.473	-1.507.031
<i>Hækkun/(-lækkun) á handbæru fé.....</i>	<i>-323.690</i>	<i>1.018.544</i>	<i>-358.520</i>	<i>207.880</i>	<i>-250.903</i>
Handbært fé í ársbyrjun.....	3.081.232	2.062.688	2.421.208	2.213.327	2.464.230
Handbært fé í árslok.....	2.757.542	3.081.232	2.062.688	2.421.208	2.213.327
Eiginfjárhlutfall samkvæmt lögum um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði	22,74%	21,56%	20,20%	16,12%	12,55%